



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Tillaga um úthlutun úr þróunar- og nýsköpunarsjóði B hluta - Látum draumana rætast skólaárið 2022 - 2023

Samtals barst 21 umsókn fyrir um kr. 143,3 millj. en til úthlutunar eru kr. 50 millj. Sótt var um styrki vegna fjögurra samstarfsverkefna grunnskóla, sjö samstarfsverkefna leikskóla, þriggja samstarfsverkefna frístundastarfs og sjö þverfaglegra samstarfsverkefna leikskóla-, grunnskóla- og frístundastarfs.

Úthlutunarnefndir hafa fundað og metið umsóknir út frá reglum sjóðsins og leggja fram meðfylgjandi sameiginlega tillögu að styrkjum úr þróunar- og nýsköpunarsjóðnum *Látum draumana rætast*:

Fimm verkefni sem eru samstarfsverkefni leikskóla fái samtals kr. 20,0 millj.

Þrjú verkefni sem eru samstarfsverkefni grunnskóla fái kr. 13,0 millj.

Þrjú verkefni sem eru samstarfsverkefni frístundastarfs fái kr. 13,0 millj.

Eitt samstarfsverkefni leikskóla/grunnskóla/frístundastarfs fái styrki að upphæð kr. 4,0 millj.

Samtals 12 verkefni sem fá kr. 50 millj.

Lagt er til að eftirfarandi verkefni hljóti styrki:

Verkefnið *Saman komumst við lengra*, sem er grunnskólaverkefni í sameinuðu hverfi Austurmiðstöðvar, fái styrk að upphæð kr. 5,0 millj. til að vinna að eflingu og samræmingu innra mats og umbótastarfi í öllum fimmtán grunnskólum hverfisins.

Verkefnið *Þátttaka barna í leikskólastarfi* sem er samstarfsverkefni leikskólanna Engjaborgar, Funaborgar, Hólaborgar og Sunnufoldar og Háskóla Íslands (HÍ) fái styrk að upphæð kr. 4,0 millj. til að þróa hlutverk kennara og annars starfsfólks í að stuðla að leik sem megin námsleið barna og að skrá og meta nám þeirra með kerfisbundnum hætti með þátttöku barnanna, foreldra og starfsfólks.

Leikskólarnir Grandaborg, Gullborg og Ægisborg í samstarfi við Menntavísindasvið Háskóla Íslands fái styrk að upphæð kr. 4,0 millj. vegna verkefnisins *Leikur, nám og gleði*. Í verkefninu verður lögð áhersla á að styrkja starfsfólk leikskólanna með fræðslu og umræðum um hvernig hægt er að leggja frekari áherslu á leik sem megin námsleið barna, virða skoðanir þeirra og áhrifamátt við skipulagningu leikskólastarfs og mæta þörfum yngstu barnanna. Verkefnið hefur ekki fengið styrk áður.

Leikskólarnir Ævintýraborg Eggertsgötu, Gullborg, Laugasól, Vinagerði og Ævintýraborg Nauthólsvegi í samstarfi við UNICEF og Háskóla Íslands fái styrk að upphæð kr. 4 millj. vegna

verkefnisins *Réttindi barna á Íslandi*. Markmiðið er að innleiða ákvæði Barnasáttmálans á markvissan hátt í starfshætti fimm leikskóla í samstarfi við UNICEF og Menntavísindasvið HÍ.

Allir leikskólar í Austurmiðstöð í samstarfi við Háskóla Íslands fá styrk að upphæð kr. 4 millj. vegna verkefnisins *Innra mat í leikskóla í Austri – samtal og ígrundun*. Markmið þessa eins árs verkefnis er að mynda lærdómssamfélag stjórnenda leikskóla með það fyrir augum að fræða þá og styrkja í að innleiða reglulegt, kerfisbundið innra mat á leikskólastarfi með þátttöku starfsmanna, barna og foreldra. Tilgangurinn er að skapa vettvang fyrir samtal um helstu þætti innra mats. Verkefnið hefur ekki fengið styrk áður.

Frístundamiðstöðin Tjörnin í samstarfi við Hinsegin félagsmiðstöð Samtakanna 78 og Tjarnarinnar, ráðgjafaproskafjálfa og Jafnréttisskóla Reykjavíkur og Háskóla Íslands, deild menntunar og margbreytileika fá styrk að upphæð kr. 4 millj. vegna verkefnisins *Kynfræðsluspjöld* til að búa til kynfræðsluspjöld og handbók sem starfsfólk á vettvangi getur nýtt sér til að fræða unglinga um kynheilbrigði.

Mælt er með að verkefnið *Vertu velkomin í hverfið okkar – Viltu tala íslensku við mig?* fá styrk að upphæð kr. 4,0 millj. Verkefnið er samstarfsverkefni allra grunnskólanna í Grafarvogi og Kjalarnesi og unnið í samstarfi við Háskóla Íslands og Íslenskuþorpið. Þetta verkefni fékk styrki skólaárin 2020 – 2021 og 2021 – 2022 en sækir nú um styrk til að ljúka verkefninu og ganga frá niðurstöðum, upplýsingum og leiðbeiningum á myndböndum sem munu nýtast öðrum.

Verkefnið *Innleiðing á Gagnvirka samstarfslíkaninu í grunnskólum í Breiðholti* sem er samstarfsverkefni allra grunnskólanna í Breiðholti, skóla- og frístundapjónustu í hverfinu, Menntavísindasviðs Háskóla Íslands og Jigsaw Learning fá styrk að upphæð kr. 4,0 millj. Verkefnið hefur ekki fengið styrk áður.

Leikskólarnir Grandaborg, Kvistaborg, Garðaborg og Austurborg í samstarfi við Menntavísindasvið Háskóla Íslands fá styrk að upphæð kr. 4,0 millj. vegna verkefnisins *Námssamfélag starfsmanna leikskóla undir leiðsögn stærðfræðileiðtoga*. Markmiðið er að styrkja námssamfélag leikskólakennara og annarra starfsmanna í leikskólunum með það að leiðarljósi að þeir styrki sig sem fagmenn í að greina hugmyndir ungra barna um stærðfræði og læri að styðja við þær í leikskólanum. Verkefnið hefur ekki fengið styrk áður.

Verkefnið *Öll sem eitt*, sem er samstarfsverkefni allra frístundamiðstöðva og félagsmiðstöðva, Samtakanna 78, fagskrifstofu frístundamála, Þekkingarmiðstöðvar í málefnum fatlaðra barna og Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu borgarinnar, fá styrk að upphæð kr. 4,0 millj. Verkefnið fékk styrk að upphæð kr. 4 millj. skólaárið 2021 – 2022.

Félagsmiðstöðin Vígyn í samstarfi við frístundamiðstöðina Brúnna, félagsmiðstöðvarnar Fjörgyn, Sigyn, Fellið, Plútó, Fókus, Holtið, Ársel og Höllina, Menntavísindasvið Háskóla Íslands og foreldrafélag Víkurskóla fá styrk að upphæð kr. 4 millj. vegna verkefnisins *Heildræn fræðslunálgun í félagsmiðstöðvastarfi* til að búa til umgjörð utan um það mikla fræðslustarf til barna og fjölskyldna þeirra sem félagsmiðstöðvum er falið að sinna. Það koma sífellt upp nýjar áskoranir í unglingahópum sem er nauðsynlegt að taka vel á, t.d. með fræðslu. Verkefnið hefur ekki fengið styrk áður.

Kringlumýri, grunnskólar, frístundaheimili, félagsmiðstöðvar og leikskólar í Laugarnesi og skólahljómsveit Austurbæjar fá styrk að upphæð kr. 5 millj. vegna verkefnisins *Öll í sama liði*. Verkefnið miðar að því að vinna með líðan barna og unglinga í hverfinu, en skv. niðurstöðum R&G hefur vanlíðan barna og unglinga aukist síðustu ár. Markmið verkefnisins er að samstillja alla þá sem starfa með börnum og unglingum og foreldra í Laugardalnum með það að markmiði að gera hverfið enn betra fyrir börnin og unglingana.

Yfirlit umsókna í þróunar- og nýsköpunarsjóð skóla- og frístundaráðs 2022

	Umsækjandi	Heiti verkefnis	Markmið verkefnis	Upphæð umsóknar	Upphaf og áætluð lok	Leik-grunn-frí	Tillaga
1	Borgarmiðstöð Austur, Árbæjarskóli, Ártúnsskóli, Borgarskóli, Dalskóli, Engjaskóli, Foldaskóli, Hamraskóli, Húsaskóli, Ingunnarskóli, Klébergsskóli, Norðlingaskóli, Rimaskóli, Selásskóli, Sæmundarskóli og Víkurskóli	"Saman komumst við lengra" Samstarfsverkefni um innra mat í grunnskólum	Innra mat skóla er lykilatriði í því að bæta skólastarf. Með innra mati er skólum gert kleift að byggja ákvarðanir um starfið með meðvituðu, formlegu mati þar sem skólasamfélagið skoðar hvernig skólinn stendur sig, hvað vel er gert og hvað þarf að bæta, með hagsmuni nemenda að leiðarljósi. Innra mat snýst með öðrum orðum um að skólasamfélagið læri saman, hampi því sem vel er gert og vinni saman að umbótum.	8.000.000	2022 - 2025	Grunn	5.000.000
2	Vogaskóli, Laugarnesskóli, Langholtsskóli, frístundaheimilið Vogasel, félagsmiðstöðin Buskinn, LÁN-Listrænt ákall til náttúrunnar, Listaháskóli Íslands, Grasagarður Reykjavíkur, Listasafn Íslands, Vísindasmiðja HÍ og leikskólinn Steinhlið	FJÖLTENGI: Þverfagleg samfélagstenging með aðferðum lista og vísinda	Verkefnið byggir á þverfaglegu þróunarverkefni í menntun til sjálfbærni. Verkefnið byggir á jafningjafræðslu þátttakenda sem er grunnforsenda valdefflingarinnar sem leitað er eftir. Verkefninu er ætlað að veita kennurum tækifæri til að þróa eigin starfskenningu með hliðsjón af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Þeir öðlast reynslu í að rýna í eigin kennslu sem þeir vinna við að aðlaga að áherslum menntunar til sjálfbærni. Í samvinnu við LÁN verkefnið og Listaháskóla Íslands styðja fræðimenn við þátttakendurna sem vinna í teymum við þverfagleg verkefni sem fjalla um málefni náttúrunnar á skapandi hátt með aðferðum list og verkgreina. Með þeim hætti öðlast list- og verkgreinakennarar nýja sýn inn í málefni náttúrufræði og náttúrufræðikennarar kynnist vinnuaðferðum lista og hönnunar. Lögð er áhersla á að kennarar byggji á fyrri reynslu og miðli eigin reynslu með vinnusmiðjum sem verða opnar öllum þátttakendum í LÁN verkefninu. Þau prófa sig áfram og velta fyrir sér hvaða forsendur auka áhuga ungs fólks á náttúrufræðum og málefnum sjálfbærni. Í vinnusmiðjunum fjalla þátttakendur um hvernig hægt er að tengja list- og verkgreinar við náttúrufræði til að veita verkefnum meiri dýpt. Áhersla verður lögð á að hagnýta nálgun þar sem rýnt er samhliða í fræði og framkvæmd. Verkefni námskeiðsins felast í framkvæmd á verkefnum út í skólum og félagsmiðstöðvum, kynningu á þeim auk þátttöku í jafningjamati.	8.000.000	upphaf 2022	Leik, grunn og frí	
3	Engjaborg, Funaborg, Hólaborg, Sunnufold og menntavísindasvið HÍ	Þátttaka barna í leikskólastarfi	Leikskólarnir Engjaborg, Funaborg, Hólaborg og Sunnufold hafa átt í farsælu samstarfi á undanförunum árum og vildu halda því áfram. Menntavísindasvið Háskóla Íslands og Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur buðu til stefnumóts fræðafólks úr háskólasamfélaginu og stjórnenda í skóla- og frístundastarfi borgarinnar í janúar sl. Þar sem tillaga kom að samstarfi leikskólanna og Dr. Önnu Magneu Hreinsdóttur, aðjúnkt við Menntavísindasvið Háskóla Íslands sem hefur m.a. sérhæft sig í þátttöku barna í leikskólastarfi og lýðræðislegum matsaðferðum í leikskólum. Hafa leikskólarnir þörf á því að þróa betur hlutverk kennara og annars starfsfólks í að stuðla að leik sem meginnámsleið barna og að skrá og meta nám þeirra með kerfisbundnum, sýnilegum hætti með þátttöku barnanna, foreldra og starfsfólks.	13.368.000 (skiptist á 3 ár)	2021-2024	Leik	4.000.000
4	Grandaborg, Gullborg, Ægisborg, Hí-menntavísindasvið og skrifstofa SFS	Leikur, nám og gleði	Markmið verkefnisins eru tvö. Í fyrsta lagi að undirstrika mikilvægi leiksins sem meginnámsleiðar barna með áherslu á hlutverk og stuðning kennara og annars starfsfólks, námsumhverfi sem styður við leik og að börnin hafi tækifæri til að læra hvert af öðru. Í öðru lagi að þróa starfshætti sem taka mið af þörfum yngstu barnanna og námi. Markmið verkefnisins endurspeglar áherslu menntastefnunnar á fagmennsku og samstarf leikskólanna og aukna þátttöku barna og virkni í leikskólastarfinu. Einnig á sjálfsþróingu og félagsfærni þar sem leikskólastarf á að byggja á leik sem meginnámsleið barna, jafnrétti og virkri þátttöku með því að skapa þeim tækifæri til að upplifa lýðræðisleg vinnubrögð og samskipti í daglegu starfi. Það er kjarni verkefnisins og til að ná þessum markmiðum verður lögð áhersla á að styrkja starfsfólk leikskólanna með þátttöku í fræðslu og umræðu um hvernig hægt er að leggja frekari áherslu á leik sem meginnámsleið barna, virða skoðanir þeirra og áhrifamátt við skipulagningu leikskólastarfs og mæta þörfum yngstu barnanna.	8.000.000	2022-2024	Leik	4.000.000

Yfirlit umsókna í þróunar- og nýsköpunarsjóð skóla- og frístundaráðs 2022

	Umsækjandi	Heiti verkefnis	Markmið verkefnis	Upphæð umsóknar	Upphaf og áætluð lok	Leik-grunn-frí	Tillaga
5	Ævintýraborgir Eggertsgötu, SFS Kristín Hildur, Gullborg, Laugasól, Vinagerði, Hí menntavísindasvið, Ævintýraborgir Nauthólsvegi og Unicef á Íslandi	Réttindi barna á Íslandi	Markmið verkefnisins er að innleiða ákvæði Barnasáttmálans á markvissan hátt í starfshætti fimm leikskóla í samstarfi við UNICEF og Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Einnig að laga starfhætti sína að hugmyndum sáttmálans. Tilgangurinn með því er að valdefla börnin, hlusta á hugmyndir þeirra og sjónarmið og stuðla að því að þau verði raunverulegir áhrifavaldar í leikskólanum. Markmiðin endurspegla áherslu Menntastefnu Reykjavíkurborgar á að öll börn vaxi, dafni og uni sér saman í lýðræðislegu samfélagi sem einkennist af mannréttindum og virðingu fyrir fjölbreytileika mannlífs (Reykjavíkurborg, 2019). Gengið er út frá því að börn séu sérfræðingar í lífi sínu, geti myndað sér skoðanir á mállefnum sem þau varða, látið þær í ljós og haft áhrif á daglegt líf sitt. Ávinningur fyrir börn í leikskólum er að starfshættir í leikskólunum taki mið af Barnasáttmálanum og að börnin fái tækifæri til að vera sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífeldri þróun.	18.000.000	?	Leik	4.000.000
6	Borgarmiðstöð Austur, Lyngheimar, Árborg, Átúnsskóli leik, Rofaborg, Heiðarborg, Rauðaborg, Blásalir, Rauðhóll, Mariuborg, Geislabaugur, Reynisholt, Dalskóli leik, Laufskálar, Hulduheimar, Engjaborg, Brekkuborg, Sunnufold, Funaborg, Klettaborg, Fífuborg, Berg, Nes, Þjónustumiðstöðin Austur, Hí-menntavísindasvið	Innra mat í leikskóla í Austri - samtal og ígrundun	Markmið þessa eins árs verkefnis er að mynda lærdómssamfélag leikskólastjórnenda leikskóla með það fyrir augum að fræða þá og styrkja í að innleiða reglulegt, kerfisbundið innra mat á leikskólastarfi með þátttöku starfsmanna, barna og foreldra. Tilgangurinn er að skapa vettvang fyrir samtal um helstu þætti innra mats. Stjórnendur leikskólanna hafa unnið að gerð innra mats sem er gagnlegt að deila með öðrum stjórnendum, skiptast á skoðunum og ígrunda hvernig staðið er að innra mati í leikskólunum. Áætlað er að skipuleggja sex mánaðarlega tveggja tíma fundi með stjórnendum þar sem fram fer fræðsla og umræða um skilgreinda verkþætti (1) matsteymi myndað og matsáætlun mótuð, (2) matsviðmið sett út frá stefnu leikskólans, (3) þátttakendur valdir með áherslu á þátttöku barna, (4) matsaðferðir valdar með áherslu á aðferðir sem henta ungum börnum, (5) framsetning niðurstaðna og kynning, (6) umbótaáætlun gerð og henni fylgt eftir. Sjá nánar meðfylgjandi tímaáætlun. Á milli funda vinna stjórnendur verkefni með samstarfsfólki sem allir miða að því að móta kerfisbundið innra mat hvers leikskóla. Væntanlegur ávinningur fyrir börn í leikskólum er aukin aðkoma þeirra að innra mati leikskóla. Kennarar og annað starfsfólk kynnist margvíslegum aðferðum og leiðum til að nálgast sjónarmið barna og virkja áhrifamátt þeirra í daglegu starfi og leik.	4.000.000	2022-2023	Leik	4.000.000
7	Miðberg, Álfheimar, Bakkasel, Vinsasel, Vinheimar, Hraunborg, Hálsaskógur	Hljóð & Mynd - Skapandi Breiðholt	Samstarfsverkefni milli frístundaheimila og leikskóla í Breiðholti. Börnin búa til teiknimynd í Ípad, taka ljósmyndir og festa inn á teiknimyndina og búa til bakgrunna. Teiknimyndirnar verða síðan klipptar saman á milli samstarfsaðila. Þá verður einnig sett inn tónlist, hljóðbútar og tal sem verður klippt saman. Verkefnið endar með útgáfupartý fyrir börnin þar sem teiknimyndirnar verða frumsýndar. Helstu markmið verkefnisins er að gefa öllum tækifæri til að læra nýja færni, auka virkni og þátttöku í faglegu starfi, rækta sköpunargáfur barnanna, læra að vinna saman í hópum og efla trú á eigin getu.	7.287.553	2022-2023	Leik og frí	0
8	Tjörnin, Jafnréttisskóli RVK, HÍ-deild menntunar og margbreytileika, Hinsegin félagsm. samtaka 78, Ráðgjafabroskapjálfi SFS, Listamaður sem hannar spilin, rýnihópar unglinga og hlutastarfsfólk	Kynfræðsluspjöld	Frístundamiðstöðin Tjörnin og Jafnréttisskóli Reykjavíkurborgar í samstarfi við Háskóla Íslands, hinsegin félagsmiðstöð samtakanna 78 og Tjarnarinnar og ráðgjafabroskapjálfa ætla að búa til kynfræðsluspjöld og meðfylgjandi handbók sem starfsfólk á vettvangi getur nýtt sér til þess að efla kynheilbrigði unglinga. Spjöldin eru hugsuð í svipuðum tilgangi og styrkleika-eða tilfinningaspjöld þar sem starfsfólk félagsmiðstöðva, námsráðgjafar, kennarar eða hjúkrunarfræðingar geta notað fróðleiksmola og kveikjur til að efla kynheilbrigði unglinga. Spjöldin eru ætluð 13-16 ára unglingum. Í handbókinni verða svo uppskriftir að hópastörfum, verkefni og leiðbeiningar til að valdefla starfsfólkið sem leiðtogar í kynfræðslunni. Verkefnin og hópastörfin væru blanda af sjálfsefningu, sjálfspekingu, gildisvinnu, samkennd og núvitund. Starfsfólk gæti því nýtt spjöldin í einni kennslustund/hittingi/opnun til að hefja líflegar umræður eða leitt áfram djúpa vinnu með hópi með það að markmiði að efla kynheilbrigði þeirra.	7.245.951	2022-2023	Frí	4.000.000
9	Rofaborg, Íþróttaf.Fylkir, Árborg, Blásalir, Heiðarborg, Rauðaborg, Rauðhóll	Heilsuefning leikskólabarna í Árbæjarhverfi	Með verkefninu viljum við efla heilsu og íþróttavakningu barna í leikskólum Árbæjarhverfis. Með samstarfinu vilja Íþróttafélagið Fylkir og leikskólar Árbæjar leggja sitt að mörkum til heilsuefningar í hverfinu. Samstarf Fylkis og leikskólanna ætti að gagnast öllum aðilum þess. Börnin í Árbæjarhverfi fá að kynnast Íþróttafélaginu Fylki og starfsemi deilda félagsins Leikskólarnir fá svo skipulagða hreyfistund/íþróttatíma inn í sína dagskrá.	4.750.000	2022-2023	Leik	0

Yfirlit umsókna í þróunar- og nýsköpunarsjóð skóla- og frístundaráðs 2022

	Umsækjandi	Heiti verkefnis	Markmið verkefnis	Upphæð umsóknar	Upphaf og áætluð lok	Leik-grunn-frí	Tillaga
10	Hulduheimar, Borgaskóli, Nes-Hamrar, SFS, RannUng HÍ	Námsferill minn frá eins til tólf ára	Meginmarkmiðið með verkefninu er að auka samfellu á milli skólastiga, að fara úr leikskóla yfir í grunnskóla. Í leikskólunum er hvert barn með ferilmöppu. Ferilmappa er mappa sem er með ýmsum upplýsingum, skráningum, ljósmyndum, verkefnum og verkum eftir barnið og fylgir barninu í gegnum leikskólagöngu sína. Hugmynd okkar með verkefni þessu er að barnið fari í grunnskólann með ferilmöppu sína þar sem áfram verður haldið með vinnu hennar. Í lok skólagöngu barns í Borgaskóla þá eru ýmis verkefni og þróun á þroskaferli barnsins sýnd í máli og myndum. Þrjú meginmarkmið okkar eru að auka fagmennsku kennara, styrkja þeirra starfsaðferðir og efla skólamenningu þannig að samfella á milli skólastiga verði auðveldari. Er það ósk okkar að byggja upp faglegt lærdómssamfélag þvert á skólastig, á milli leik- og grunnskóla. Að auka fagmennsku kennara með það að leiðarljósi að verða öruggari í starfi og veita nemendum bestu mögulegu menntun sem völ er á hverju sinni. Að okkar mati með þessu þróunarverkefni þá teljum við að samfella á milli leik- og grunnskóla verði einnig barninu auðveldari.	4.000.000	2022-2023	Leik og grunn	0
11	Skóla- og frístundaþj. Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða, allir grunnskólar í borgarhlutanum, allir leikskólar í borgarhlutanum, Tjörnin, Öll frístundaheimili og félagsmiðstöðvar í borgarhlutanum, HÍ, verkefnastjóri félagsauðs og forvarna	Þar sem hjartað slær - fagmennska og samstarf	Þar sem hjartað slær - hugarfar og valdefling er samstarfsverkefni skóla- og frístundaþjónustu og Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíðasem að gengur út á það að auka fagmennsku og samstarf í takt við menntastefnu Reykjavíkur, lýðheilsustefnu og innleiðingur á lögum um farsæld barna. Þetta raðirnar, auka traust milli fagstétta, einfalda verkefna, búa til aukin úrræði og takast á við samfélagið eftir covid.	5.500.000	2022-2023	Leik, grunn og frí	0
12	Dalskóli grunnskólahluti, Dalskóli leikskólahluti og frístundaheimilið Úlfabyggð	Tækniver í Dalskóla	Hér er um að ræða samstarfsverkefni í samreknum skóla þar sem leikskólahluti, grunnskólahluti og frístundahluti Dalskóla mun búa til sameiginlegt Tækniver þar sem börn og starfsfólk þessara þriggja starfseininga mun geta sótt fræðslu og tæknibúnað til leiks og starfs. Markmiðið er að búa til samstarfsflöt fyrir starfsfólks skólans þar sem búnaður þessara þriggja eininga er samnýttur. Framtíðarsýn Dalskóla er að vera leiðandi í upplýsingatækninotkun í skólastarfi þar sem sköpun, nám og leikur fær að njóta sín.	4.000.000	2022-2023	Leik, grunn og frí	0
13	Húsaskóli og allir skólar í Grafarvogi og Kjalarnesi, HÍ-Íslenskuþorpið, Ásgarður í skjýjunum, SFS Friða Bjarney og Solan slf.	Vertu velkomin í hverfið okkar - Viltu tala íslensku við mig ?	Markmið verkefnisins er að auðvelda og gera skólasamfélaginu kleift að bjóða nemendum með íslensku sem annað mál upp á hagnýtt og skemmtilegt íslenskunám í raunverulegum aðstæðum ásamt því að styðja við fjölmenningsamfélagið innan skólanna. Með kennslumyndböndum um kennsluáðferðina og rafrænum kennsluleiðbeiningum verður verkefnið Viltu tala íslensku við mig gert aðgengilegt og opið öllum. Slík verkfærakista býður skólum á Íslandi upp á nýstárlega leið í kennslu íslensku sem annars máls eftir markvissum og sérsniðnum leiðum sem styrkja félagsfærni og sjálfstraust nemenda í samskiptum á íslensku.	4.060.000	2022-2023	Grunn	4.000.000
14	Seljaskóli og allir gr.skólar í Breiðholti, skóla- og frístundaþjónusta í Breiðholti, MHÍ og Jigsaw Learning	Innleiðing á Gagnvirka samstarfslíkaninu í grunnskólum í Breiðholti	Markmið verkefnisins er að bæta þjónustu við nemendur og veita þeim stuðning á grundvelli fyrirbyggjandi gagna og þarfa. Áhersla er á að efla lausnaleyti starfsmanna skóla, auka trú þeirra á eigin getu til að styðja við nemendur og að starfsfólk styðji hvert annað í að skapa nemendum námsumhverfi út frá stöðu þeirra og þörfum. Þá er miðað að markvissari aðkomu skólaþjónustu að málefnum nemenda eða nemendahópa. Verkefnið byggir á hugmyndum um stigskiptan stuðning í anda laga um farsæld barna	12.520.000	2022-2023	Grunn	4.000.000
15	Kvistaborg, Grandaborg MHÍ og tveir ótilgreindir leikskólar sem ekki er búið að fastsetja samstarf	Námssamfélag starfsmanna leikskóla undir leiðsögn stærðfræðileiðtoga	Meginmarkmið verkefnisins er að styrkja námssamfélag leikskólakennara og annarra starfsmanna í leikskólunum með það að leiðarljósi að þeir styrki sig sem fagmenn í að greina hugmyndir ungra barna um stærðfræði og læri að styðja við þær í leikskólunum. Til að það megi takast sem best ætla tveir fulltrúar úr hverjum leikskóla að sækja Menntafléttunámskeið haustið 2022 til vors 2023. Fulltrúar tveggja leikskóla sækja námskeiðið Stærðfræðin í umhverfi barna og fulltrúar tveggja leikskóla sækja vefnámskeiðið Stærðfræðin í leik barna. Umræddir fulltrúar leikskólanna eru stærðfræðileiðtogar í sínum leikskólum og halda utan um verkefnið innan leikskólans með því að virkja samstarfsmenn í námssamfélagi þar sem rætt er um og unnið með stærðfræðinám ungra barna. Hlutverk háskólakennaranna er að styðja leiðtogana í sínu hlutverki við að efla námssamfélagið um stærðfræði í leikskólunum. Aðkoma þeirra byggir á heimsóknum í leikskólana, annars vegar til að vera með á fundum leiðtoga með samstarfsmönnum og hins vegar til að fylgjast með börnum að störfum. Einnig munu þeir veita leiðtogum ráðgjöf. Rannsakað verður hvernig leiðtogum vegnar og hvernig gengur að mynda námssamfélag. Rannsóknargögnum sem safnað verður eru fundargerðir, skráningar og myndbönd. Skrifuð verður skýrsla og niðurstöður kynntar. Hér gefst einstakt tækifæri til að fá háskólakennara til að styðja við starf leikskólanna í eigin starfsþróun.	5.571.750	2022-2023	Leik	4.000.000

Yfirlit umsókna í þróunar- og nýsköpunarsjóð skóla- og frístundaráðs 2022

	Umsækjandi	Heiti verkefnis	Markmið verkefnis	Upphæð umsóknar	Upphaf og áætluð lok	Leik-grunn-frí	Tillaga
16	Tjörnin, frístundamiðstöðvarnar Ársel, Gufunesbær, Kringlumýri, Miðberg ásamt öllum félagsmiðstöðvum í Reykjavík, SFS-Hulda Valdís, þekkingarmiðstöð í málefnum fatlaðra barna, mannréttinda og lýræðisskrifstofa Reykjavíkurborgar, Samtökin 78 og RannTóm	Öll sem eitt !	Öll sem eitt! er þróunarverkefni sem miðar að því að stuðla að bættari líðan hinsegin barna og unglinga með því að bregðast við þeim auknu þörfum á þjónustu við hinsegin börn og ungmenni sem við stöndum frammi fyrir í félagsmiðstöðvastarfi sem og skólastarfi. Unnið verður að því að auka virkni og þátttöku hinsegin barna og ungmenna í faglegu frístundastarfi með því að bjóða upp á starf fyrir þau í öruggu umhverfi með vel þjálfuðu starfsfólki. Í verkefninu verður lögð áhersla á að styrkja sjálfsmynd og stuðla að aukinni sjálfsþekkingu bæði í almennu starfi félagsmiðstöðvarinnar og í sérstæku hópastarfi. Unnið verður að því að kortleggja líðan hinsegin barna og ungmenna í félagsmiðstöðvastarfi, unnið verður að auknu samstarfi við félagsmiðstöðvar borgarinnar og aukinni fagþekkingu á málefnum hinsegin barna og ungmenna og skapaður samráðsvettvangur fyrir starfsfólk til að miðla reynslu og þekkingu og að lokum settur kraftur í foreldrafræðslu og samstarf.	7.798.935	2022-2023	Frí	5.000.000
17	Fab Lab þjónustumiðstöð Breiðholts, Fellaskóli, Hólabrekkuskóli, Seljaskóli, Fjölbrotarskólinn í Breiðholti	Skapandi námssamfélag í Breiðholti	Stafrænar smíðjur eru staðir til að skapa. Til að þær nýtist í þágu menntunar þurfa kennarar að búa yfir hvortveggja: tækniþæfni og getu til að virkja sköpunarkraft nemenda. Með tilkomu Fab Lab Reykjavíkur og uppbyggingu snillismiðja í grunnskólum borgarinnar eru tæknilegir innviðir fyrir hendi til að veita börnum tækifæri til sköpunar. Með því að mennta kennara í kennslufræði nýsköpunar og styðja við að tileinka sér stafræna framleiðslutækni skapast forsendur til þess að skapandi skólastarf nái flugi.	8.000.000	2019-2023	Grunn	0
18	Ævintýraborgir Eggertsgötu og Mixtúra	Efnisveita og sköpunarsmiðja	Efnisveita og sköpunarsmiðja verður staðsett í nýjum leikskóla, Ævintýraborg við Eggertsgötu. Verkefnið verður unnið í samstarfi við Mixtúru, sköpunar- og upplýsingatækniver SFS og lögð áhersla á fjölbreytt samstarf og skapandi vinnu með tækni og vísindi að leiðarljósi. Með verkefninu fá börn tækifæri til þess skapa sína eigin framtíð í lýðræðslegu samfélagi, efla skapandi hugsun og láta drauma sína rætast.	3.580.000	2022-2023	Leik	0
19	Kringlumýri, grunnskólar, frístundaheimili og leikskólar í Laugarnesi, félagsmiðstöðvar í Laugarnesi, Skólahljómsveit Austurbæjar, þjónustumiðstöð Laugardals, Háaleitis og Bústaða, foreldrafélög og foreldraráð skólanna og leikskólanna, Íþróttafélagið Ármann og Íþróttafélagið Þróttur	Öll í sama liði	Vanlíðan barna og unglinga hefur aukist síðustu ár samkvæmt niðurstöðum R&G. Fagfólk og aðrir sem starfa með börnum og unglingum hafa upplifað aukningu í slæmri orðræðu og óæskilega hegðun í barna og unglingahópum. Öll í sama liði er verkefni sem hefur það að markmiði að ýta undir jákvæð samskipti barna og unglinga, stuðla að því að börnum og unglingum líði vel í sín jafningja hópi, stöðva óæskilega hegðun og talsmáta í barna- og unglingahópum ásamt því að samstillja alla þá sem starfa með börnum og unglingum ásamt foreldra í Laugardalnum með það að markmiði að gera hverfið enn betra fyrir börnin og unglingana. Ávinningur þessa verkefnis er ætlað að auka velliðan barna og unglunga í hverfinu ásamt því að auka samkennd, umburðalindi og félagsþroska þeirra.	8.450.000	2022-2023	Leik, grunn og frí	4.000.000
20	Félagsmiðstöðin Vígyn, Ársel/Gufunesbær, Fjörgyn,Sígn, Fellíð, Plútó, Fókus, Holtíð, Ársel, Höllin, MHÍ og foreldrafélag Víkurskóla	Heildræn fræðslunálgun í félagsmiðstöðvarstarfi	Markmið verkefnisins er að búa til stöðu fyrir verkefnastjóra fræðslumála sem hefði það hlutverk að halda utan um alla fræðslu frístundamiðstöðvarinnar. Í hverjum mánuði yfir skólaárið verður mismunandi fræðsluáhersla sem miðlað verður til barna- og unglinga ásamt starfsfólks og foreldra í hverfunum. Aukin áhersla verður lögð á að efla fræðslu til barna á miðstigi og foreldra 10-16 ára ungmenna í borgarhlutanum. En ásamt því mun verkefnastjóri skipuleggja og sjá um starfsdaga og fræðslur fyrir starfsfólk í samvinnu við deildarstjóra. Meðal afurða sem verkefnið leiðir af sér er miðlægur gagnabanki með því fræðsluefni sem til er úti á starfsstöðunum ásamt því fræðsluefni og gögnum sem verkefnið leiðir af sér. Verkefnið verður unnið í samstarfi við forstöðumenn félagsmiðstöðvanna, deildarstjóra unglingastarfs, ráðgjafa frá Háskólanum, Grósku og foreldrafélög grunnskóla í borgarhlutanum.	6.534.000	2022-2023	Frí	4.000.000

Yfirlit umsókna í þróunar- og nýsköpunarsjóð skóla- og frístundaráðs 2022

	Umsækjandi	Heiti verkefnis	Markmið verkefnis	Upphæð umsóknar	Upphaf og áætluð lok	Leik-grunn-frí	Tillaga
21	Sigyn, Fjörgyn, Vígyn, Ársel/Gufunesbær, MHÍ, Foldaskóli, Rimaskóli, Víkurskóli og Miðstöð útivistar og útínáms	Ungir ofurhugar - Jaðariþróttastarf með unglingum í Grafarvogi	Ungir ofurhugar er verkefni sem miðar að því að bjóða upp á faglegt jaðariþróttastarf fyrir unglinga í Grafarvogi með það að markmiði að efla unglingana og stuðla að aukinni færni barnanna sem taka þátt til frekari þátttöku í tómstunda- og æskulýðsstarfi sem og samfélaginu almennt. Starfið er sérstaklega sniðið að þörfum unglinga með hegðunar- eða samskiptavanda og snýst um að efla jákvæða samskiptahæfni unglinganna og gefa þeim heilbrigða útrás. Þá eru jaðariþróttir spennandi og heilsueflandi tómstundastarf sem er oft ekki aðgengilegt sökum krafa um að iðkendur búi yfir ákveðinni þekkingu eða eigi dýran sértækan búnað.	8.000.000	2022-2023	Grunn og frí	0 50.000.000



Þróunarstyrkir

*Reglur um styrkveitingar skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur vegna styrkja í **B hluta** þróunar- og nýsköpunarsjóðs skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur „Látum draumana rætast“.*

1. Tilgangur styrkveitinganna er að stuðla að þróunar- og nýsköpunarstarfi á skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar, í leikskólastarfi, grunnskólastarfi og frístundastarfi. Með verkefnum er átt við þróunar- og nýsköpunarverkefni sem stuðla að fagmennsku, auknu samstarfi og styðja við rannsóknir. Verkefnin styðji við eða stuðli að bættu fagstarfi með aukinni þátttöku barna og unglinga á starfsstöðum skóla- og frístundasviðs. Árleg framlög eru ákveðin í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar. Styrkir eru veittir í samræmi við þær áherslur sem lagðar eru fram í Menntastefnu Reykjavíkur „Látum draumana rætast“.
2. Forsenda styrkveitingar er að um samstarfsverkefni sé að ræða. Verkefnin byggi á Menntastefnu Reykjavíkur „Látum draumana rætast“ þar sem leiðarljósinn er virkni og þátttaka barna, fagmennska og samstarf.
3. Skóla- og frístundaráð skipar úthlutunarnefnd sem fer yfir allar umsóknir og metur þær. Í henni eiga sæti 3 fulltrúar frá fagskrifstofu leik-, grunn- og frístundamála SFS og fulltrúar fagfélaga, stjórnenda og háskólasamfélagsins í hverjum málaflokki. Nefndin gerir tillögur til skóla- og frístundaráðs um hvaða verkefni fá styrk og um styrkupp hæð.
4. Árleg framlög eru ákveðin í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar. Styrkur felur ekki í sér framtíðarskuldbindingu fyrir borgarsjóð. Ekki er gerður styrkjasamningur til meira en eins árs í senn.
5. Umsóknir skulu hafa borist fyrir auglýstan umsóknarfrest ár hvert og skal umsóknum skilað á sérstöku umsóknarformi. Umsóknarform og upplýsingar um tilhögun úthlutunar ár hvert er að finna á heimasíðu skóla- og frístundasviðs.
6. Verkefni verða að vera styrkhæf skv. styrkjareglum Reykjavíkurborgar og reglum hlutaðeigandi ráðs. Allir sem njóta styrkja borgarinnar skulu kynna sér stefnumörkun borgarinnar og er áskilið af hálfu borgarinnar að þeir hlíti henni. Reglur Reykjavíkurborgar gilda um styrki skóla- og frístundaráðs.
7. Starfsstaðir skóla- og frístundasviðs geta sótt um styrki til þróunar- og nýsköpunarverkefna. Þeir geta haft til samstarfs í verkefninu sjálfstætt starfandi leik-, grunn- og listaskóla eða aðra. Gerð er krafa um þverfaglegt samstarf á milli starfseininga s.s. eins og milli skólastiga, frístundamiðstöðva, skólahljómsveita eða annarra skóla eða starfsstaða innan sem utan hverfis.
8. Gera skal grein fyrir því hvernig verkefnið tengist rannsóknum eða samstarfi við háskólasamfélagið, hvers konar samstarfi/teymishugsun verkefnið byggi á, og hvernig nýta á hringferli stöðugra umbóta og þróunar með það að markmiði að byggja upp lærdómssamfélag.
9. Umsóknir eru metnar með hliðsjón af a) tengingu við Menntastefnu Reykjavíkur b) markmiðum sem lýst er og hvort líklegt sé að þeim verði náð; c) hvort verk- og



tímaáætlun sé raunhæf; d) væntanlegum árangri og ávinningi fyrir skóla- og frístundastarf. Úthlutunarnefndinni er heimilt að leita umsagna eða álits annarra aðila eftir því sem hún telur þörf á. Ef umsókn uppfyllir ekki skilyrði fær umsækjandi hálfan mánuð til að gera nauðsynlegar úrbætur.

10. Skóla- og frístundasvið og hver styrkþegi gera með sér skriflegan samning um verkefnið sem hlýtur styrk þar sem fram koma m.a. skilgreindir áfangar og tímasetningar, umsjónarmenn og áætluð verklok. Einnig skal tilgreindur heildarfjárstyrkur til verksins, hvernig staðið skuli að greiðslum og lokauppgjöri. Lokauppgjör á sér stað þegar styrkþegi hefur skilað skýrslu um verkefnið (sjá nánar um skýrslugerð á heimasíðu skóla- og frístundasviðs). Sé skriflegur samningur ekki undirritaður 6 mánuðum eftir úthlutun er litið svo á að styrkþegi hafni styrknum.
11. Skóla- og frístundasvið áskilur sér rétt til að rifta samningum, afturkalla styrkloforð og/eða krefjast endurgreiðslu ef sannanlega er um forsendubrest eða vanefndir að ræða af hálfu styrkþega. Þ.m.t. að lokaskýrslu og yfirliti yfir ráðstöfun styrkfjár er ekki skilað.
12. Greiðslur úr sjóðnum skulu að jafnaði vera þannig að við upphaf verkefnis er 1/3 styrksins greiddur út og 2/3 þegar lokaskýrsla eða áfangaskýrsla í þeim verkefnum sem ná yfir lengri tíma, hefur verið samþykkt.
13. Skóla- og frístundasvið getur óskað eftir því við styrkþega að þeir kynni verkefni sín. Styrkþegi skal skila skrifstofu borgarstjórnar og hlutaðeigandi fagsviði greinargerð um ráðstöfun styrkjar eigi síðar en 2 mánuðum eftir að verkefni lýkur eða skv. ósk Reykjavíkurborgar þar um á þar til gert eyðublað. Gera skal grein fyrir verkefninu í starfsáætlun ásamt áætlun um það hvernig það tengist innleiðingu Menntastefnu.
14. Árlega skal úthlutunarnefndin leggja skýrslu fyrir skóla- og frístundaráð þar sem gerð er grein fyrir úthlutunum síðastliðið reikningsár. Jafnframt skal úthlutunarnefnd leggja fram árlega yfirlit yfir þau verkefni sem er lokið ásamt yfirliti yfir ráðstöfun styrkfjár frá styrkþega auk lokaskýrslu styrkþega.